

ALMENN
MENNTUN
21.ÖLDIN

greiningarlykill

Hvenær er námsverkefni gott? Hvenær ekki og ef svo er, hvað þarf að laga? Hvaða kröfur á að gera til þeirra verkefna sem eru lögð fyrir nemendur? Oft er um að ræða huglægt mat þess sem ýmist leggur verkefnið fyrir eða vinnur það? En slíkt er í raun óþarfi. Vel er hægt að nýta t.d. greiningarlykla eða matskvarða (svo einhver dæmi séu tekin) til að skoða tiltekið námsverkefni.

Hér er slíkur greiningarlykill. Hann hefur fengið heitir Almenn kennsla – 21. öldin og markmiðið er að skilgreina gæði þeirra verkefna sem lögð eru fyrir í grunnskólum dagsins í dag og á morgun.

Lykillinn er einfaldur í notkun. Nálgunin er sú að kennarar vinna öll nemendaverkefni þannig að þeir leggi eftirfandi þætti til grundvallar: sjálfsmat, hönnun þekkingar, skapandi vinnu, námsumhverfi, stafræna borgaravitund, samskiptafærni, þrautlausnir og nýsköpun og samvinnu og skoði þau verkefni sem þeir ætla að leggja fyrir með gagnrýnum huga til að gera þau sem best úr garði.

Ofangreindir þættir er eitthvað sem leggja þarf mikla rækt við hjá nemendum svo þeir verði færir að takast á við það samfélag sem bíður að skólagöngu lokinni. Nemendur þurfa að búa yfir tilteknum hæfileikum og ákveðnum sveigjanleika og hann næst með því að huga vel að þáttum eins og samvinnu, skapandi vinnu og það að nemendur læri að vera sjálfstæðir og hugsa í lausnum.

Greiningarlykillinn má nota að hluta til eða í heild. Ætlunin er að kennarar skoði kvarðana í ljósi þess verkefns em leggja á fyrir og svari viðeigandi spurningum.

INNGANGUR



Ef svarið er í öllum tilfellum já þá er verkefnið gott. Ef svarið er nei í einhverju þrepi þá þarf að laga námsverkefnið með tilliti til þess svars sem var gefið. Þess má geta að því fleiri kvarðar sem liggja undir hverju námsverkefni því betra verður það sem þýðir að nái kennari að hanna verkefni sem snertir alla átta þættina og svarið er já í öllum tilfellum þá er um ansi gott verkefni að ræða.

Er markmiðið með verkefninu að gefa nemendum tækifæri til að tjá sig með ólíkum hætti?

Nei →

Nemendur þurfa að vinna og skila verkefninu með fyrirfram skilgreindum hætti, þ.e. nemendur hafa lítið eða ekkert með ferlið að segja.

SKAPANDI VINNA

Eiga nemendur að skila verkefninu þannig að þeir eru að nýta tjáningarleið sem þeir hafa ekki notað áður?

Nei →

Nemendur fá að velja þær leiðir sem þeir vilja en þær takmarkast við það sem nemendur hafa gert áður. Nemendum fá ekki að fara frá því sem er áður þekkt.

Fá nemendur stuðning við nýjar tjáningarleiðir innan skólans?

Nei →

Nemendur fá að velja þær leiðir sem þeir vilja og þeir fá að fara nýjar leiðir vilji þeir það. Enginn stuðningur er hins vegar við nýjar leiðir innan skólans. Nemendur þurfa að leita annað til að fá stuðning.

Fá nemendur að kynna nýjar leiðir fyrir öðrum (t.d. nemendum, kennurum og foreldrum)?

Nei →

Nemendur velja eigin leiðir til tjáningar, leiðir sem byggja á einhverju nýju og óþekktu fyrir nemandann. Þeir fá stuðning frá kennurum og leiðbeiningu en verkefnið fær ekki kynningu eða að njóta sín í stærra samhengi en að því er skilað til kennara til yfirferðar.

Nemendur fá verkefni til úrlausnar. Þeir eiga að beita nýjum leiðum til tjáningar og fá stuðning frá viðkomandi skóla til að leysa verkefnið. Verkefnið er kynnt út í samfélagið þannig að það er sýnilegt.

Nemendur vinna skapandi vinnu.

Vinna nemendur í pörum eða hópum?

Nei →

Nemendur vinna einstaklingslega og án samhengis við aðra nemendur í bekknum, árgangnum eða milli árganga.

SAMVINNA

Dreifist vinna nemenda jafnt yfir hópinn þannig að allir eru virkir og samábyrgir?

Nei →

Nemendur vinna saman en hlutverk þeirra innbyrðis er mismikið. Nemendur eru því misvirkir í vinnunni og deila ekki ábyrgð jafnt.

Fá nemendur að taka sameiginlega ákvörðun varðandi verkefnið þar sem allir eiga hlut að máli?

Nei →

Ábyrgðin á verkefninu dreifist jafnt eða nemendur taka ekki ákvarðanir í sameiningu þar sem allir koma að málum.

Er nemendum gefinn kostur á að vera sjálfstæðir varðandi verkefnið?

Nei →

Nemendur bera jafna ábyrgð á verkefninu og taka ákvarðanir í sameiningu þar sem allar raddir heyrast. Vinnan er engu síður mörkuð af ósjálfstæði og framtaksleysi.

Nemendur bera jafna ábyrgð á verkefninu og taka ákvarðanir varðandi verkið í sameiningu þar sem allar raddir heyrast. Nemendur eru sjálfstæðir við vinnu.

Verkefnið byggir á samvinnu.

Á nemandinn í samskiptum við aðra innan skólans og/eða utan?

Nei →

Samskipti takmarkast við kennara og nemendur í bekknum eða hópnum sem nemandinn tilheyrir.

Já ↓

SAMSKIPTAFÆRNI

Færir nemandinn rök fyrir máli sínu og beitir gagnrýnni hugsun?

→

Nemandinn nýtir fjölbreyttar leiðir til samskipta og tjáningar en hann færir ekki rök fyrir máli sínu.

↓

Beinast samskiptin að tilteknum og skilgreindum markhópi?

→

Nemandinn nýtir fjölbreyttar leiðir til samskipta og tjáningar og hann færir rök fyrir máli sínu (útskýrir hugmyndir eða ferla með staðreyndum/dæmum). Samskiptin beinast ekki að tilteknum markhópi.

↓

Nemendur nýta fjölbreyttar leiðir til samskipta og tjáningar þar rökum og gangrýnninni hugsun er beitt. Samskiptin beinast að tilteknum og skilgreindum markhópi með skýr og fyrirframgefin markmið að baki.

Það sem snýr að samskiptafærni er í lagi.

Er nemendum ljós námsmarkmið og hvaða leiðir til lausna þeir hafa áður en verkefnið hefst? Er verkefnið ætlað til lengri tíma?



Möguleikinn á sjálfsmati er ekki til staðar. Verkefnið er of stutt eða nemendur þekkja ekki námsmarkmiðin. Ekki er hægt að ígrunda vinnuna/verkefnið áður en þeir ljúka því sem liggur fyrir.

SJÁLFSMAT

Eiga nemendur kost á að laga verkefnið í samræmi við þá endurgjöf sem það fær hverju sinni? Hafa nemendur einhver áhrif á námsferlið?



Verkefnið er til lengri tíma. Nemendur þekkja námsmarkmiðin og námsmatsleiðir en þeir skipuleggja ekki vinnuna og/eða ferlið og geta því ekki brugðist við athugasemdum eða endurgjöf.

Byggir vinnan og/eða verkefnið á einhverju nýju? Bætir verkefnið einhverju við nám nemenda?



Verkefnið tekur lengri tíma. Nemendur þekkja námsmarkmið og námsmatið strax við upphaf vinnunnar. Þeir skipuleggja hvernig vinnan er unnin og hafa tækifæri til að bregðast við endurgjöf í ferlinu og þegar búið er að skila verkefninu. Verið er að vinna að einhverju sem nemendur hafa unnið áður. Verkefnið bætir engu nýju við.

Verkefnið tekur lengri tíma og nemendur eru í námsferlinu öllu meðvitaðir um námsmarkmiðin og námsmat. Þeir skipuleggja sjálfir vinnuferlið og hafa tækifæri til að bregðast við endurgjöf með því að laga eða breyta verkefninu í samræmi við þær athugasemdir sem gerðar eru. Verkefnið reynir á nýja námsþætti, þ.e. eitthvað sem nemendur hafa ekki reynt eða numið áður

Sjálfsmatshlutinn er í lagi.

Hafa nemendur eitthvað um náms-
umhverfið að segja?



Nemendur vinna í aðstæðum sem þeim
eru skapaðar og hafa ekkert um rýmið að
segja eða skipulag þess.



NÁMSUMHVERFI

Er boðið upp á ólík svæði utan kennslu-
rýmisins til náms, þ.e. svæði sem þjóna
ólíkum námsþörfum nemenda?



Nemendur geta haft áhrif á náms-
umhverfið í stofunni en þeim stendur ekki
til boða ólík svæði til náms fyrir utan
kennslustofuna.



Fá nemendur að vinna í verkefnum í þeim
rýmum sem þeim hentar utan hefð-
bundinnar stundartöflu?



Nemendur fá að velja milli ólíkra náms-
aðstæðna og geta haft áhrif á hvernig
þær vinnuaðstæður eru. Þeir fá ekki að
nýta þær aðstæður nema á tilteknum
tíma skilgreindur eftir stundartöflu.



Nemendur fá að hafa áhrif á námsum-
hverfið í samræmi við verkefnið sem er
unnið. Þeim stendur til boða ólík svæði til
náms utan skólastofunnar ásamt því að
þeir geta nýtt þau svæði utan ramma
hefðbundinnar stundartöflu.

Það námsumhverfi sem nemendum er
boðið uppá hentar til náms og er hvetjandi.

Er verkefnið að mestu sett upp þannig að nemendur þurfa að finna lausn á vandamáli/ráðgátu/þraut?



Eru nemendur að vinna saman við að leysa raunveruleg viðfangsefni?



Eru nemendur að vinna að einhverju nýju?



Skila nemendur því nýja út í nærsamfélagið?



Nemendur leysa raunveruleg vandamál og vinna saman að lausnum. Þeir tengja lausnirnar í stærra samhengi og kynna þær fyrir öðrum en þeim sem eru í skól- anum og hafa eitthvað með málin að gera.

Verkefnið byggir á þrautalausn og nýsköpun.



Nemendur eru ekki að leysa ráðgátur/þrautir að mestu. Nemendur nýta sér svör sem liggja fyrir eða ferla sem eru þekktir til að leysa verkefnið.

ÞRAUTALAUSNIR OG NÝSKÖPUN



Þrautalausnir er meginviðfangsefnið en vandamálið tengist engu í raun. Verkefnið er verkefnisins vegna og ekki unnið í hóp.



Nemendur leysa í sameiningu raunveruleg vandamál (þrautir) en þeir eru ekki að gera hlutina á annan veg en áður. Þeir eru að finna lausn á einhverju sem búið er að leysa.



Nemendur leysa vandamál sem eru raunveruleg og vinna saman að lausnum. Þeir tengja lausnirnar í stærra samhengi en lausnirnar fara aldrei út í samfélagið til kynningar og umfjöllunar.

Eru meginmarkmið verkefnisins að hanna þekkingu/færni?



Vinna nemendur að því að hanna eigin þekkingu/færni?



Geta nemendur yfirfært nýja þekkingu/færni yfir í annað samhengi?



Er verkefnið þverfaglegt milli námsgreina?



Uppbygging og hönnun þekkingar er meginmarkmið verkefnisins og nemendur fá að yfirfæra þekkinguna á ný svið. Hönnun þekkingarinnar er þverfagleg og fjallað er um fleiri þætti en einn bæði í kennslunni og náminu.

Það sem snýr að hönnun þekkingar er í lagi.



Nemendur vinna verkefni sem byggir ekki á að hanna þekkingu/færni. Nemendur framkvæma verk sem byggir á að endurvinna upplýsingar eða endurtaka það sem aðrir leggja inn.

HÖNNUN ÞEKkingar



Markmið verkefnisins er að hanna þekkingu/færni. Nemendur túlka, greina, sameina eða meta upplýsingar og/eða hugmyndir. En þeir hanna ekki þekkinguna sjálfir heldur vinna eftir fyrirfram skilgreindum ferlum.



Hönnun nýrrar þekkingar er meginmarkmið verkefnisins en nemendur fá ekki tækifæri til að yfirfæra þekkinguna yfir á ný svið. Þekkingin er einskorðuð við tiltekna aðstæður.



Uppbygging og hönnun þekkingar er meginmarkmið verkefnisins. Nemendur yfirfæra þekkinguna á önnur svið en verkefnið snertir aðeins eina námsgrein.

Hafa nemendur aðgengi að þeim úrræðum sem þarf til að vinna verkefnið (netið, forrit, viðeigandi tækjabúnaður og faglegur stuðningur)?



Er nemendum kennt að beita gagnrýnni hugsun við öflun heimilda ásamt því að höfundaréttur er virtur? Geta nemendur þeirra heimilda sem eru notaðar við úrlausn verkefnisins?



Virða nemendur lögvarinn rétt annarra einstaklinga og setja ekki fram gögn sem flokkast undir viðkvæmar persónuupplýsingar (sbr. ljósmyndir, meiðandi texta, upplýsingar um kynlíf og kynhneigð o.fl.)?



Er verkefnið þverfaglegt milli námsgreina?



Nemendur hafa aðgengi að þeim úrræðum sem þarf til að vinna verkefnið. Þeim er leiðbeint með hvaða efni og efnistök eru viðeigandi varðandi heimildaskráningar og höfundarétt og þeir gæta að vernd persónuupplýsinga í öllu sem þeir gera. Verkefnið tengist fleiri en einni námsgrein.

Það sem snýr að stafrænni borgaravitund er í lagi.



Nemendum er gert að vinna verkefni þar sem þeir hafa ekki aðgengi að þeim úrræðum sem þarf til að vinna verkefnið. Þeir þurfa að sækja tæknilegan stuðning út fyrir skólann.

STAFRÆN BORGARAVITUND



Nemendur hafa aðgengi að þeim úrræðum sem þarf til að vinna verkefnið en þeim er ekki leiðbeint með hvaða efni eða efnistök eru viðeigandi og rétt og hver ekki.



Nemendur hafa aðgengi að þeim úrræðum sem þarf til að vinna verkefnið. Þeim er leiðbeint með hvaða efni og efnistök eru viðeigandi varðandi heimildaskráningar og höfundarétt en þeir þurfa ekki að gæta að vernd persónuupplýsinga.



Nemendur hafa aðgengi að þeim úrræðum sem þarf til að vinna verkefnið. Þeim er leiðbeint með hvaða efni og efnistök eru viðeigandi varðandi heimildaskráningar og höfundarétt og þeir gæta að vernd persónuupplýsinga í öllu sem þeir gera. Verkefnið tengist ekki nema einni námsgrein.



spjaldtolvur.kopavogur.is
2017